

Leikskóli:	Little Steps, Búlgarí
Tegund kennslugagna:	
Heiti kennslu:	Kukeri-búningaverkefni
Aldurshópur:	Frá 6 til 7 ára
Fjöldi barna:	Lágmark ____ Hámark 19
Fjöldi kennara:	Lágmark ____ Hámark 1
Lengd:	90 mínútur
Lýsing á kennslu:	Verkefnið byrjar með myndum af mismunandi tegundum gríma (trúður, hrekkjavaka, karnival og kukeri). Kennarinn ber saman grímurnar og ræðir tilgang þeirra. Kennari bendir á alla þættina sem þær samanstanda af og gefur upplýsingar um merkingu Kukeri-hátíðarinnar. Hvers vegna, hvenær og hvar er búlgarska hátíðin haldin? Hver þátttakandi skoðar kukeri-búning og lýsir þeim ólíku þáttum sem þurfa að vera til stóðar til að hægt sé að búa til alvöru búning - leður, loð, kúabjöllur og ógnvekjandi grímu. Þátttakendur tjá hughrif tengd hátíðinni. Í seinni hluta verkefnisins klárar hver og einn verkefni í kennslubókunum. Börnin eiga að merkja hring utan um þá þætti sem eru ekki hluti af kukeri-búningnum. Farið er í leiki og síðan dansa börnin hefðbundinn kukeri-dans. Þegar kúabjöllurnar hringja byrja allir þátttakendur að dansa (börnin þykjast vera kukeri) með grímur á andlitinu. Að lokum þakkar kennarinn börnum fyrir þátttöku þeirra og einbeitingu á meðan á verkefninu stóð.
Niðurstöður/ávinningur:	Börnin átta sig á mikilvægi hátíða. Verkefnið mun skapa hugmyndir um búlgarska frídaga og endurskapa siði og hefðir búlgörsku þjóðsagna. Börn af öðrum þjóðernum munu læra áhugaverðar staðreyndir um staðinn þar sem þau búa. Verkefnið hvetur til umræðu og auðgar orðaforða barna.